

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar –Maí 2022

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,9% og minnkaði um 0,6 prósentustig frá apríl

Athugasemd: Um miðjan maí tók Vinnumálastofnun upp nýtt kerfi fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Við breytingarnar var gögnum úr eldri gagnagrunni varpað yfir í nýjan og er uppbygging hans töluvert frábrugðin því sem áður var. Má þar helst nefna að skipt hefur verið yfir í nýja og nákvæmari starfa- og menntakóða, sem tryggir atvinnuleitendum betri þjónustu. Þar sem enn er verið að aðlaga tölfraedina að nýju kerfi ber að túlka gögnin í skýrslunni með fyrirvara.

Skráð atvinnuleysi var 3,9% í maí og minnkaði úr 4,5% í apríl. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 812 frá aprílmánuði.

Að meðaltali voru 7.717 atvinnulausir í maí, 4.233 karlar og 3.484 konur

Alls staðar dró úr atvinnuleysi í maí mest hlutfallslega á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og að meðaltali fækkaði atvinnulausum á bilinu 10% til 14% annars staðar.


Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 6,6% og minnkaði úr 7,6% í apríl. Næst mest var atvinnuleysið 4,2% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 4,7% í apríl.

Í maí 2022 gaf Vinnumálastofnun út 381 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 283 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 267 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 114 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 32 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2022 með samtals 218 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni minnka í júní og verða á bilinu 3,5% til 3,8%.

Próun atvinnuleysis maí 2020 til maí 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi minnkaði meira á landsbyggðinni sem heild en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,6 prósentustig og var 3,4% í maí. Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,5 prósentustig og var 4,2% í maí. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,6 prósentustig frá apríl og var 3,9% í maí.

Alls staðar dró úr atvinnuleysi í maí mest hlutfallslega á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og að meðaltali fækkaði atvinnulausum á bilinu 10% til 14% annars staðar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 6,6% og minnkaði úr 7,6% í apríl. Næst mest var atvinnuleysið 4,2% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 4,7% í apríl.

Minnst var atvinnuleysi í maí á Norðurlandi vestra 1,2%, og 1,9% á Vesturlandi svo og á Vestfjörðum. Á Austurlandi var atvinnuleysi 2,1% í maí, 2,9% á Norðurlandi eystra og 2,8% á Suðurlandi. Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í apríl og maí.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 4,3% meðal karla og 4,1% meðal kvenna og á Norðurlandi

vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,3% og atvinnuleysi kvenna 1,1%. Á Austurlandi var atvinnuleysi það sama meðal karla og kvenna eða 2,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í maí.

Almennt atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.713 í lok maí, 4.205 karlar og 3.508 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 846 frá apríllokum og atvinnulausum konum fækkaði um 517.

Alls voru 643 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok maí og hefur þeim fækkað um 249 frá apríllokum.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.713 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí og fækkaði um 374 frá apríl. Hins vegar voru þeir 6.430 í maílok 2021.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði frá apríl um 77 og voru 1.722 í lok maí. Í maí 2021 var þessi fjöldi hins vegar 6.089.


Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum í lok maí fækkaði í öllum atvinnugreinum frá lokum apríl. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls var 3.331 erlendir atvinnuleitandi án atvinnu í lok maí og fækkaði um 526 frá apríl. Þessi fjöldi samsvarar um 8,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 43% í maí og hefur aukist úr um 40% frá sumri 2021.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok maí 2022




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í maí 2022 gaf Vinnumálastofnun út 381 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 283 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 267 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 114 leyfi voru framlengd.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí hvort sem var nýtt eða framlengt fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 159 leyfi. Þá voru gefin út 75 sérfræðileyfi og 47 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræðileða sérmenntunar eða 33%, 30% vegna starfa verkafólks og 18% vegna þjónustustarfa. Um 18% var í öðrum starfsgreinum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.605 sem er um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 32 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2022 með samtals 218 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 567 í maí á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 53%, 17% frá Lettlandi og 15% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 16% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra